

Föstudaginn 25. apríl 1958.

Nr. 7/1958. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Borgþóri Árnasyni
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 og
Þorsteini Gunnarssyni
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Theódór S. Georgsson, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að þeir Magnús Jónsson skipstjóri og Jón Magnússon vélstjóri hafi átt upp-tök að ryskingum þeim, sem mál þetta er af risið. Með þess-ari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birt-ingu dóms þessa og hvor ákærðu greiði laun verjanda síns í héraði.

Ákærðu greiði hvor um sig laun verjanda síns fyrir Hæsta-rétti, kr. 1.500.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæsta-rétti, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu, Borgþórs Árnasonar og Þorsteins Gunnarssonar, eiga að vera óröskuð að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Borgþór Árnason greiði laun verjanda síns í héraði, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr.

800.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson greiði laun verjanda síns í héraði, Jóns Hjaltasonar héraðsdómsslögmanns, kr. 800.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómsslögmanns, kr. 1000.00, og laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 4. nóvember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. mán., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæruskjali, útgefnu 21. ágúst 1956, af dómsmálaráðherra gegn Borgþóri Árnasyni vélstjóra, Kirkjuvegi 20, Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og Þorsteini Gunnarssyni vélstjóra, Vestmannabraut 1, Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga, „þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við téð hegningarlagaákvæði aðfaranótt sunnudagsins 28. ágúst 1955, um kl. 02.30.

1. Ákærði Borgþór með því að hafa ráðizt að Magnúsi Jónssyni frá Ísafirði á Vestmannabraut í Vestmannaeyjum, móts við Nýja Bíó og barið hann í höfuðið með þeim afleiðingum, að hann hlaut alvarlega áverka.
2. Ákærði Þorsteinn með því að veitast að Jóni Magnússyni frá Ísafirði á sama stað og í nr. 1 greinir og slá hann í höfuðið og síðuna, þannig að hann hlaut áverka af.“

Ákæríst því framangreindur Borgþór Árnason til að sæta refsingu samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og framangreindur Þorsteinn Gunnarsson til að sæta refsingu samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ákærast þeir báðir til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkastnaðar.

Ákærði Borgþór Árnason er fæddur 27. október 1932 í Vest-

mannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-
um og refsingum:

Í Vestmannaeyjum:

1948 11/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir óleyfilegan bifreiðarakstur.

— 28/10 Sátt, 100 kr. sekt fyrir óspektir.

1949 15/2 Kærður fyrir líkamsárás. Afgreitt með áminningu og
greiðslu 300 kr. í skaðabætur.

Á Siglufirði:

1952 10/8 Sátt, 150 kr. fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson er fæddur 1. nóvember 1932 í
Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-
um og refsingum:

Í Vestmannaeyjum:

1949 21/11 Sátt, 300 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án réttinda.

1951 20/5 Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.

1953 3/3 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 176. gr. hegn-
ingarлага. Greiddi 825 kr. í skaðabætur.

— 22/12 Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. sbr. 38. gr.
bifreiðalaga, 4. og 7. sbr. 14. gr. umferðarlaga, 49. gr.
lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 28. ágúst 1955 um kl. 02.30 hringdi
Einar Þorsteinsson rakameistari, Vestmannabraut 31, á lögreglu-
stofuna og tilkynnti, að menn væru í ryskingum á Vestmanna-
braut fyrir framan Nýja Bíó. Lögregluþjónarnir Sigurgeir Krist-
jánsson og Óskar Einarsson fóru á staðinn og hittu þar fyrir Magn-
ús Jónsson, Mjallargötu 8, Ísafirði, og Jón Magnússon, son hans.
Ákærði Borgþór og Magnús Jónsson voru í erjum, er lögreglu-
þjónarnir komu að, en ákærði Þorsteinn Gunnarsson stóð þar hjá.
Magnús og Jón voru báðir blóðugir í andliti og allæstir. Kváðu
þeir ákærðu hafa ráðizt á þá án nokkurs tilefnis og veitt þeim
áverka. Magnús og Jón voru báðir undir áhrifum áfengis og fylgdi
Sigurgeir Kristjánsson þeim niður að höfn um borð í v/b Erling V,
en þeir feðgar bjuggu um borð í nefndum bát. Ákærði Þorsteinn
Gunnarsson skýrði lögregluþjónunum svo frá, að hann hefði átt
þarna leið um og séð þá, hvar þeir Magnús og Jón voru í illindum
við ákærða Borgþór Árnason. Kvaðst Þorsteinn þá hafa lagt Jón í
götuna og lentu þeir í ryskingum. Lögregluþjónarnir gátu ekki
séð, að Þorsteinn væri undir áhrifum vins, en kváðu Borgþór hafa
verið ölvaðan.

Ákærðu og Magnús Jónsson og Jón Magnússon greinir mjög á um málavexti og skulu nú raktir í höfuðatriðum framburðir viðstaddra.

Magnús Jónsson skipstjóri skýrir svo frá, að hann hafi farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja laugardagskvöldið 27. ágúst 1955. Jón sonur Magnúsar var með honum á dansleiknum ásamt öðrum manni. Að sögn Magnúsar neyttu þeir allir nokkurs áfengis á dansleiknum. Eftir að dansleiknum lauk kl. 02.00 héldu Magnús og Jón áleiðis inn í Friðarhöfn, þar sem bátur þeirra, Erlingur V, lá við bryggju. Magnús segir, að þeir hafi haldið frá Samkomuhúsinu vestur Vestmannabraut. Er þeir komu á móts við Nýja Bíó, kveður Magnús mann allt í einu hafa ráðizt á sig og slegið sig umsvifalaust í andlitið, svo að hann féll í götuna. Skuggsýnt var á götunni, er þessi atburður átti sér stað, og kveðst Magnús ekki hafa veitt því athygli, hvort nokkur var með árásarmanningnum, er hann réðst á Magnús. Kveður Magnús árásarmanninginn hafa verið ákærða Borgþór Árnason vélstjóra. Magnús segir, að Borgþór hafi slegið sig á hægri kinn, og kveðst Magnús þá hafa borið hendur fyrir höfuð sér, en Borgþór sló hann aftur og aftur, unz Magnús féll í götuna. Magnús kveðst ekki hafa slegið Borgþór eða tekið á móti honum, heldur aðeins borið hendur fyrir andlit sér. Hann kveðst hafa misst meðvitund að nokkru, er hann féll í götuna. Þegar hann stóð upp, kveðst hann hafa séð, að Jón sonur hans var í ryskingum við mann þar á götunni, en þær ryskingar hættu strax, er lögregluþjónarnir komu. Magnús kveðst ekki hafa þekkt mann þann, er Jón var í átökum við, né tók hann eftir, hvernig þau átök byrjuðu eða hversu þeim var að öðru leyti varið.

Jón Magnússon skýrir svo frá, að hann hafi að loknum dansleiknum gengið ásamt föður sínum Magnúsi Jónssyni skipstjóra eftir Vestmannabraut og voru þeir á leið til skips. Þegar þeir komu á móts við Nýja Bíó, réðst ákærði Bergþór Árnason fyrirvaralaust á Magnús og hrinti honum í götuna. Jón kveðst ekki hafa orðið Borgþórs var fyrr en hann réðst á Magnús án nokkurs tilfænis. Álítur Jón, að Borgþór hafi verið við Nýja Bíó-húsið, er þá feðga bar þar að. Magnús stóð á fætur eftir að Borgþór hafði hrint honum í götuna og ætlaði þá Borgþór að ráðast á hann á nýjan leik. Jón kveðst þá hafa ætlað að stilla til friðar og ganga á milli þeirra, en segir, að Þorsteinn Gunnarsson hafi allt í einu ráðizt á sig. Kveður Jón Þorstein hafa komið þarna að í þessu. Jón og Þorsteinn tókust á og féllu báðir og varð Þorsteinn undir. Jón segist þá hafa sleppt Þorsteini, en þegar Þorsteinn var staðinn upp aftur,

réðst hann umsvifalaust á Jón að nýju, felldi hann til jarðar, barði hann í andlitið og þjarmaði að honum, með því að þrýsta öðru hnénu á bringu hans. Jón segir, að Þorsteinn hafi slegið sig a. m. k. eitt högg í andlitið og hlaut hann áverka af. Þorsteinn sleppti Jóni stuttu áður en lögreglan kom á vettvang og lauk þar með þessum átökum. Jón kveðst ekki hafa tekið eftir Þorsteini fyrr en Þorsteinn réðst á hann fyrirvaralaust. Hann segir, að Borgþór hafi ekkert veitzt að sér og kveðst ekki hafa veitt átökum Magnúsar og Borgþórs frekari athygli.

Í áðurnefndum átökum hlutu þeir Magnús og Jón báðir meiðsli. Baldur Johnsen héraðslæknir skoðaði þá feðga þann 28. ágúst 1955 og segir svo í vottorði hans, sem er dagsett 30. ágúst:

„Ég undirritaður framkvæmdi hinn 28. ágúst s.l. læknisskoðun á Magnúsi Jónssyni, heimilisföstum Mjallargötu 8, Ísafirði, svo og á Jóni Magnússyni frá sama stað.

Læknisskoðun fór fram um borð í m/b Erlingi V, sem lá hér í Friðarhöfn.

Þeir Magnús og Jón kváðust hafa orðið fyrir árás nóttina áður, og haft varanlegt mein af.

1. Hjá Magnúsi leiddi læknisskoðunin þetta í ljós:

Hægri kinn var þrútin og dofin, og byrjandi glóðarauga þeim megin. Skoðun á Magnúsi í dag leiddi í ljós blæðingu í slímhúð augans svo og viðvarandi nefblæðingu.

Kinn og nefvængur var enn dofinn og kaldur og allmikill höfuðverkur h. megin.

2. Hjá Jóni leiddi læknisskoðun þetta í ljós:

Varir voru sprungnar og blóðhlaupnar, og hafði blætt úr, og mar var á kinn. Einnig var allmikill verkur í síðu, eins og undan höggi eða eftir fall á skarpan kant, en ekki gat sjúkl. gert grein fyrir, hvernig það hafði viljað til.

Seinna gekk blóð upp úr slasaða að sögn Magnúsar.“

Þá hefur Úlfur Gunnarsson læknir, Ísafirði, skoðað Magnús Jónsson, og segir svo í vottorði hans, dagsettu 12. september 1955:

„Skipstjóri Magnús Jónsson, fæddur 5. janúar 1909, heimili Mjallargötu 8, Ísafirði, fékk áverka í andliti þ. 28. ágúst 1955. Það var ráðizt á Magnús og var hann sleginn í andlitið. Sama dag var sjúklingurinn skoðaður af lækni í Vestmannaeyjum og fékk hjá honum vottorð.

Síðan hefur Magnús stöðugt verið með eymsli í hægri kinnbeini og dofa í hægri efri vör, hægri megin á nefi og hægri neðra augnloki.

Við skoðun í dag kom í ljós tilfinningaleysi á ofangreindum stöðum, en aftur á móti voru hreyfingar á vör og augnaloki eðli-
legar. Einnig fundust greinileg eymsli í hægra kinnbeini.

Röntgenmynd af höfði sýnir skugga í hægri kjálkaholu og línu, sem getur verið brot á hægra kinnbeini. Allt bendir þannig til, að Magnús Jónsson hafi fengið á hægri efri kjálka og kinn-
bein með blæðingu í kjálkaholi og skyntaugarlömun á svæðinu neðan við hægra auga.“

Í vottorði sama læknis frá 12. marz 1956 segir:

„Herra skipstjóri Magnús Jónsson, Mjallarg. 8, Ísafirði, varð fyrir áverka um 1. september s.l. Við læknisskoðun kom í ljós lömun á andlitstaug (paresis nervi infraorbitalis), sem hann hefur haft óþægindi af hingað til.“ Ekki hefur tekizt að hafa upp á öðrum sjónarvottum að átökum þessum en Finnþoga Friðfinns-
syni verzlunarmanni, sem sá þau að einhverju leyti.

Vitnið Finnþoga Friðfinnsson, sem var gæzlumaður í Samkomu-
húsinu á nefndum dansleik, skýrir svo frá, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut um kl. 02.30. Þegar vitnið kom að Nýja Bíó-
húsinu, kveðst það hafa séð, hvar þeir feðgar Magnús og Jón sonur hans voru í átökum við Þorstein Gunnarsson. Vitnið kveðst ekki geta lýst átökum þessum, en segir, að Borgþór Árnason hafi komið þar að, sem hinir voru í átökunum. Borgþór var mikið ölvaður og lenti í áðurgreindum átökum, en vitnið vissi ekki, hvernig það atvikaðist. Áttust þeir síðan aðallega við Borgþór og annar þeirra feðga. Vitnið kveðst aðeins hafa stanzað þarna stutta stund og haldið síðan leiðar sinnar, og sá því ekki meira af viður-
eign þessari. Vitnið segist hafa veitt því athygli á dansleiknum, að Magnús og Jón voru þar mikið ölvaðir.

Vitnið Einar Þorsteinsson rakarameistari, Vestmannabraut 35, ber, að það hafi heyrt mikil læti fyrir utan hús sitt um það leyti, sem dansleiknum var að ljúka. Heyrðist vitninu einhver kalla á hjálp. Vitnið leit út um glugga og sá allmarga menn í þvögu við Nýja Bíó-húsið hinum megin við götuna. Taldi vitnið víst, að þar væru menn í áflogum, en ekki sá vitnið þó nein áflog, enda var þvagan nokkuð langt í burtu. Vitnið hringdi þá til lögreglunnar, og komu lögregluþjónarnir fljótt á staðinn, og fylgdist vitnið síðan ekki frekar með því, sem þarna fór fram.

Vitnið Sigurgeir Kristjánsson lögregluþjónn skýrir svo frá, að Einar Þorsteinsson rakarameistari hafi hringt á lögreglustöðina kl. 02.30 og tilkynnt, að rýskingar ættu sér stað á Vestmannabraut á móts við Nýja Bíó. Vitnið fór á staðinn ásamt Óskari Einarssyni

lögregluþjóni. Þar voru ákærðu Borgþór og Þorsteinn og þeir feðgar Magnús og Jón. Ekki voru mennirnir í átökum, en voru að rífast og einkum þó Borgþór og þeir feðgar. Jón og Magnús voru allæstir, og fylgdi vitnið þeim til skips.

Vitnið Óskar Einarsson lögregluþjónn ber, að er það og Sigurgeir komu að Nýja Bíó, hafi ákærði verið þar ásamt feðgunum Magnúsi og Jóni. Borgþór og Magnús voru í erjum, en Þorsteinn stóð þar hjá aðgerðarlaus. Vitnið segir, að Borgþór hafi verið mjög drukinn, en kveðst ekki hafa séð vín á Þorsteini. Að sögn vitnisins voru Magnús og Jón töluvert drukknir.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson kveðst hafa gengið að heiman frá sér sunnudaginn 28. ágúst og haldið vestur Vestmannabraut. Hann kveðst ekki hafa bragðað áfengi. Þegar hann kom að Nýja Bíó, sá hann hvar menn voru í áflogum. Mætti fór að huga að þessu og sá hvar tveir menn, sem hann þekkti ekki, voru í áflogum við Borgþór Árnason. Borgþór var sýnilega mikið drukinn, að sögn Þorsteins, og var í átökum við annan manninn, en hinn maðurinn stóð fyrir aftan Borgþór og var að reyna að hrinda Borgþóri frá eða ná tókum á honum. Þorsteinn kveðst hafa gengið að manni þessum og kippt honum frá Borgþóri og minnir, að hann tæki í axlir mannsins. Segist Þorsteinn hafa spurt manninn, hvað hann væri að skipta sér af því, þótt hinir tveir væru í áflogum. Maðurinn, sem reyndist vera Jón Magnússon vélstjóri, brást illa við þessu og kvaðst hafa slegið Þorstein áður og gæti hann eins gert það aftur. Kveður Þorsteinn Jón síðan rokið á sig, og tók Þorsteinn þá á móti. Þorsteinn segist hafa náð „haustaki“ á Jóni og hélt honum þannig, án þess að leggja hann í götuna. Í þessum svifum kom hinn maðurinn, Magnús Jónsson, til þeirra og segir Þorsteinn, að Magnús hafi ætlað í sig og sló Þorsteinn til hans og kom höggið á brjóstakassa Magnúsar. Hörfaði Magnús þá frá og skipti sér ekki meira af Þorsteini. Jón og Þorsteinn duttu í götuna í þessum sviptingum að sögn Þorsteins. Kveðst Þorsteinn hafa dottið aftur fyrir sig og lenti Jón ofan á hann og þannig láu þeir, unz einhverjir menn, sem að komu, tók Jón ofan af honum. Þorsteinn neitar því að hafa slegið Jón í þessum átökum. Hann kveðst ekki hafa orðið fyrir neinum meiðslum eða fataskemmdum í átökum þessum.

Ákærði Borgþór Árnason skýrir svo frá, að hann hafi gengið vestur Vestmannabraut umrædda nótt um kl. 02.30. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki mikið. Þegar hann kom að sundinu milli Apóteks Vestmannaeyja og Nýja Bíó, kveðst

hann hafa séð tvo menn í áflogum við Þorstein Gunnarsson. Menn þessir voru Magnús Jónsson skipstjóri og sonur hans. Borgþór segir, að þeir feðgar hafi legið ofan á Þorsteini, er hann kom þar að, og kveðst strax hafa skorizt í leikinn og beðið þá að hætta áflogunum, og segir þá hafa hætt þeim rétt strax fyrir hans orð. Borgþór hefur eindregið neitað því að hafa lagt hendur á Jón og Magnús og kveðst ekki vita, hvernig átökin byrjuðu.

Hefur nú verið rakið það í framburði ákærða og vitna, sem talið er skipta máli í þessu sambandi.

Þrátt fyrir ýtarlega eftirgrennslan lögreglunnar, hefur ekki tekizt að hafa upp á fleiri vitnum í málinu.

Svo sem framangreindir framburðir bera með sér, hefur ekki tekizt að upplýsa nægilega, hvernig margnefnd átök byrjuðu og hvernig þeim var að öðru leyti háttað í verulegum atriðum. Þegar til þess er litið, að Magnús, Jón og ákærði Þorsteinn Gunnarsson hafa allir borið, að ákærði Borgþór Árnason hafi verið í átökum við Magnús Jónsson, að ákærði Borgþór var mikið ölvaður og að ekkert liggur fyrir í málinu, sem bendi til þess, að Magnús gæti hafa hlotið nefnda áverka vegna annarra atvika, verður að telja næga sönnun framkomna fyrir því, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann sé valdur að áverkum þeim, er Magnús Jónsson hlaut nefnda nótt. Hefur ákærði Borgþór Árnason með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greint er í ákæruskjali.

Ekki eru aðrir til frásagnar um átök ákærða Þorsteins Gunnarssonar og Jóns Magnússonar en þeir tveir. Rétturinn lítur svo á, að með því að ákærði Þorsteinn hefur viðurkennt að hafa verið í átökum við Jón í samrætt sinn og upplýst er, að Jón var með áverka að viðureigninni lokinni, verði að telja nægilega upplýst, að ákærði Þorsteinn Gunnarsson sé valdur að nefndum áverkum á Jóni og hafi hann með því gerzt brotlegur við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með framferði sínu.

Þykir refsing ákærða Borgþórs Árnasonar samkvæmt 218. gr. menna hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en fresta þykir mega fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Refsing ákærða Þorsteins Gunnarssonar þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga 800 króna sekt til

ríkissjóðs og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Magnús Jónsson hefur krafizt þess, að ákærði Borgþór Árnason verði dæmdur til að greiða honum 5.000 krónur í bætur fyrir miska, líkamsmeiðsl og fataskemmdir svo og kr. 10.000.00 í bætur fyrir atvinnutjón. Krafa þessi er ósundurliðuð og órökstudd og hefur ekki verið úr því bætt, þótt Magnúsi væri gefinn kostur á því. Verður því að vísa kröfunni frá dóminum.

Jón Magnússon hefur gert þá kröfu, að ákærði Þorsteinn Gunnarsson verði dæmdur til að greiða honum kr. 4000.00 í bætur fyrir læknishjálp, fataskemmdir og miska. Þar eð krafa þessi er ósundurliðuð og órökstudd og hefur ekki verið úr því bætt, þótt Jóni væri gefinn kostur á, verður því að vísa henni frá dóminum.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., kr. 1000.00 og málsvarnarlaun til skipaðra verjenda, Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 800.00 til hvors.

Töluverður dráttur hefur orðið á rekstri málsins, sem stafar fyrst og fremst af því, að kærendurnir Magnús Jónsson og Jón Magnússon eru báðir sjómenn búsettir á Ísafirði og hefur oft verið vandkvæðum bundið að ná til þeirra. Þá eru ákærðu báðir starfandi sjómenn og hafa oft verið lengi fjarverandi vegna atvinnu sinnar.

Dómsorð:

Ákærði Borgþór Árnason sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að 2 ár liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson greiði 800 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Skaðabótakröfum Magnúsar Jónssonar og Jóns Magnússon er vísað frá dóminum.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., kr. 1000.00 og málsvarnarlaun skipaðra verjenda, Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 800.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.